

Vox Populi

Kórstjóri: Hilmar Örn Agnarsson

Gjaldkeri: Elísabet Jean Skúladóttir

Formaður/Ritari: Rannveig Iðunn Ásgeirsdóttir

Meðstjórnandi: Sigurður Vignir Jóhannsson

Haust 2016

- Meðlimir voru 23.
- Sungum í 17 messum – 15 messur í Kirkjuselinu, 2 í kirkjunni og aðventukvöld.
- Æfingar voru 16 talsins, plús 8 aukaæfingar.
- Sungum í brúðkaupi í ágúst og jarðaför í desember.
- 1. og 2. okt kom Katarina Henryson söngkona, en hún hefur sungið með The Real Group sem er acapella hópur frá Svíþjóð. Hún var með masterclass fyrir Voxið og Kammerkór Suðurlands og kenndi okkur heilmikið.
- Á meðan Hilmar var út í Þýskalandi með kirkjukórnum var Stebbi, Áslaug Helga Hálfánardóttir og Þóra Björg með æfingu 12. okt, þar sem þau kenndu okkur gossellög eftir Áslaugu.
- 15. okt – Tónleikar Röggju Gröndal í Háskólabíói – við sungum bakraddir í tveimur lögum.
- Pólland – Erasmus verkefni með Póllandi og Spáni - Three sides of music. Siggi og Hilmar fóru til Póllands 10. til 12. sept í undirbúningsferð fyrir verkefnið. Við vorum svo í Póllandi frá 6. til 14. nóv. Æfðum sameiginlega með kórnum ásamt því að skoða okkur um, sungum á þrennum tónleikum og upptöku á sjóminjasafni á Lýðveldisdegi Póllands. Eignuðumst fullt af vinum og höldum enn sambandi við hina kórana og kórstjórana. Við sóttum um Erasmus styrk á dögunum til að bjóða þeim (Spáni og Póllandi) til Íslands 27. sept til 8. okt til að halda verkefninu áfram. Nú biðum við bara eftir svari frá Erasmus hvort að við fáum styrkinn.
- 4 stelpur úr Voxinu sungu í útgáfuteiti sr. Vigfúsar 24. nóv.
- Sungum á jólagleði starfsmanna leikskólans Álftaborgar í nóvember.
- 1. í aðventu vorum við með flotta gosselmessu í Kirkjuselinu. Áslaug Helga söng með okkur, Stebbi spilaði á píanó, Hilmar á bassa, Andri Freyr á gítar og Andri á trommur. Sungum lög eftir Áslaugu. Sungum svo eitt lag eftir Áslaugu á aðventukvöldinu sem hún söng með okkur.
- Jólatónleikarnir okkar voru 17. des í kirkjunni. Þeir heppnuðust einstaklega vel og fengum við mikið lof fyrir.

Vor 2017

- Virkir meðlimir voru 21. 3 meðlimir í leyfi.
- Sungum í 16. messum. 15 í Kirkjuselinu og 1 útvarpsmessu í kirkjunni.
- Æfingar voru 15 talsins plús 3 aukaæfingar.
- Tónleikar í Árbæjarkirkju 18. feb í tilefni af 30 ára vígsluafmæli Árbæjarkirkju. Kór Árbæjarkirkju, kór Guðríðarkirkju, kór Grafarvogskirkju og Vox Populi. Sungum verkið Messe Bréve.

- „Umhverfis jörðina á átta til tíu sálum“, 22. feb í Akraneskirkju. Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar, kynnti nýja sálma úr nýju sálmabókinni. Við aðstoðuðum við það með því að syngja sálmana.
- Útvarpsmessa í Grafarvogskirkju 19. mars.
- Tónleikar í Árbæjarkirkju vegna 30 ára vígsluafmælis þeirra. Á tónleikunum komu fram: Vox Populi, Ólöf Arnalds og Skúli Sverris bassaleikari og Regína Ósk og Svenni Þór gítarleikari.
- Kóræfingaferð í Myrkholti helgina 1. til 2. apríl.
- Pálmasunnudag sungum við lög úr söngleiknum Jesus Christ Superstar. Hilmar var á bassa, Stebbi á píanó, Andri Freyr á gítar og Svanur Herberts á hammond.
- Björg Þórhalls söng einsöng með okkur á páskadag.
- Abélie Nordmann, kórstjóri frá Sviss, kom á æfingu 26. apríl og kenndi okkur skemmtileg lög ásamt góðum upphitunaræfingum. Hún kom svo í messu 30. apríl og söng með okkur lögin sem hún hafði kennt okkur.
- Ísabella Leifsdóttir söngkona kom nokkrar æfingar og tók 2 og 2 meðlimi saman afsíðis í smá raddþjálfun. Hún bauð einnig upp á einkatíma fyrir þá sem vildu.
- 12. maí n.k. munum við svo halda vortónleikana okkar – Voxkvöld í Reykjavík, í kirkjunni kl 20. Nokkrir litlir hópar úr kórnum syngja fjölbreytt og skemmtileg lög og svo endar allur kórinn saman á ljúfum vorlögum sem gleðja hjartað.

Þetta kórár hefur verið einstaklega skemmtilegt, fjölbreytt og gefandi og höfum við þroskast og dafnað jafnt í tónlistinni og lífinu sjálfu. Við höfum tengst íbúunum á Eirborgum sérstökum tilfinningaböndum og eru þeir orðnir kærir vinir okkar sem hvetja okkur áfram. Það er því einstaklega gaman og hlýlegt að syngja í selmessum og sjá brosandí andlit þeirra.

Takk fyrir frábært kórár – sjáumst 12. maí!

Fyrir hönd Vox Populi,
Rannveig Iðunn